

Alþingi
B.t. Umhverfis og samgöngunefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík



Sandskeið, 31. janúar 2021

Efni: Athugasemd Svifflugfélags Íslands um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð

Svifflugfélag Íslands vísar til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Í fyrsta lagi vekur Svifflugfélag Íslands athygli á skorti á samráði við hagsmunaaðila í grasrót flugsins, þar með talið við Svifflugfélag Íslands.

Í öðru lagi gerum við athugasemd við eftirfarandi í 18. grein: „Afla skal leyfis þjóðgarðsvarðar fyrir flugvéla- og þyrlulendingum innan Hálendisþjóðgarðs utan skilgreindra flugvalla.“ Ósjaldan er svifflugum flogið yfir hálendi Íslands á góðum dögum. Þar sem Hálendisþjóðgarður mun ná yfir um 40% af landsvæði Íslands og verða því mjög víðfeðmt svæði þykir okkur ástæða til að benda á að í vissum tilvikum verður svifflug að lenda svokallaðri útilendingu. Rétt er að útskýra að útilending er ekki það sama og neyðarlending (þar sem kallað er „mayday“, skýrslu er skilað innan ákveðins tíma til Samgöngustofu, flokkað undir flugatvik og rannsakað). Með útilendingu er einfaldlega átt við óviðráðanlegar aðstæður, svo sem þegar uppstreymi þrýtur eða veðurskilyrði breytast þannig að vélarlausri svifflugum er ókleift að haldast á lofti lengur. Það liggur í hlutarins eðli að slíkar útilendingar eru ekki skipulagðar fyrirfram og um leið er útilokað að sækja fyrirfram um leyfi fyrir landingu, sem er ákveðin þegar aðstæður til flugs leyfa ekki annað en að lenda og án mikils fyrirvara. Eftir útilendingu þarf síðan að ná í svifflugum, sem gæti þýtt að togvél lendir og sækir svifflugum, því nánast undantekningarlaust ná togvélar í svifflugum úr útilendingu og er það gert eins fljótt og auðið er, svo svifflugan skemmist ekki ef þannig viðrar. Ef síðan þyrfti að afla leyfis fyrir togvél til að sækja svifflugum eftir útilendingu, þá gæti slíkt ferli tafið fyrir að koma svifflugunni í loftið. Eigi svifflugsfólk von á neitun við þannig umsókn myndi slíkt takmarka stórkostlega möguleika til svifflugs sem íþróttar og til yfirlandsflugs.

Í þriðja lagi gerum við athugasemdir við eftirfarandi og vísum aftur í 18. grein: „Í stjórnunar- og verndaráætlun er heimilt að setja skilmála um umferð loftfara í þjóðgarðinum til verndar náttúru og til að tryggja aðgengi, öryggi og/eða upplifun gesta. Slíkir skilmálar geta falið í sér bann eða takmarkanir við slíkri umferð á tilteknum svæðum.“ Við bendum á að svifflugur svífa um loftið, eru hljóðlausar og trufla því ekki friðsæla upplifun sem sóst er eftir á hálendi þegar njóta á náttúrunnar. Rétt er að láta þess getið að í 85 ára sögu svifflugs á Íslandi hafa ekki gilt neinar takmarkanir yfir hálendinu og við förum fram á að það frjálsræði sem ríkt hefur til flugs verði ekki skert, enda erfitt að stunda svifflug ef það á að gerast yfir fjörðum og flóum hringinn í kringum landið.

Við leggjum til að 18. grein frumvarpsins verði felld brott af því leyti er hún varðar flug og bendum á að náttúruverndarlög eru fullnægjandi til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Virðingarfyllst,

Þórhildur Ída Þórarinsdóttir

Formaður Svifflugfélags Íslands

Afrit: Samgöngustofa, Flugmálafélag Íslands og AOPA á Íslandi- félag flugmanna og flugvélaeiganda